

Skýrsla stjórnar UT-kvenna fyrir 2008-2009

Fagfélagið UT-konur er nú að ljúka sínu fjórða starfsári, en það var stofnað 25. maí 2005 á stofnfundi þess í Háskólanum í Reykjavík og eru félagar alls 90 (janúar 2009).

Aðalfundur félagsins 2008 var haldinn 23. apríl kl. 17:00 á 3. hæð í Háskólanum í Reykjavík og var dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.

Kjósa þurfti í stjórn og formann fyrir árið 2008-2009. Anna Ingólfssdóttir, Elín Granz, Jóna Pálsdóttir og Þórunn Óskarsdóttir gengu úr stjórn en í stjórn voru kosnar:

- Þóra Halldórsdóttir, formaður
- Dísá Anderiman,
- Hrönn Þormóðsdóttir,
- Kolbrún Svala Hjaltadóttir,
- Marta Kristín Lárusdóttir,
- Sigríður Magnea Björgvinsdóttir,
- Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir.

Á fundinum var farið yfir það sem helst hefur verið á döfinni á árinu og sköpuðust skemmtilegar umræður um hin ýmsu málefni.

Lagðar voru fram tillögur að breytingum á stofnsamþykktum félagsins og voru þær samþykktar. Gerðar voru breytingar á markmiðum félagsins og jafnframt kallast þær nú félagssamþykktir í stað stofnsamþykktar.

Að loknum aðalfundarstörfum hélt Ólafur Andri Ragnarsson erindi sem vakti mikla lukku. Var fundurinn í heild bæði skemmtilegur og fróðlegur.

Veitingar voru í boði Háskólans í Reykjavík.

Stjórnin hefur haldið reglulega fundi mánaðarlega og stundum oftar. Stefnumótunarvinna og markmiðasetning félagsins hafa verið fyrirferðamikil auk þess sem umræður hafa verið um hvort það að við séum ekki sjálfstætt félag heldur faghópur innan SKY sé á einhvern hátt að hamla starfinu eða fæla konur frá. Stofnun hópsins „Tækniátur“ gefur til kynna að sumar konur vilji hafa hlutina á annan og einfaldari hátt og er það vel.

Mikill áhugi, bæði innan stjórnar og utan, hefur verið fyrir því að kynna fagið meðal ungra kvenna með það að markmiði að stuðla að fjölgun kvenna innan tölvu- og upplýsingatækninnar. Með það í huga héldum við hugarflugsfundir þar sem hugmyndum var kastað á milli og er afrakstur þeirrar vinnu nú í vinnslu, sem er myndband sem til stendur að fara með í framhaldsskólana og fræða nemendur um möguleikana sem í boði eru í þessum geira. Áfram var áhersla á að efla innra starf með fræðslu- og skemmtifundum.

1. Morgunverðarfundur var haldinn 27. febrúar 2008 í húsaáskynnum Microsoft, Engjateig 7. Í upphafi fundar ávarpaði Sveinn Benediktsson fundargesti fyrir hönd Microsoft. Hann sýndi okkur m.a. myndband um konur hjá Microsoft, en þar er sérstök áhersla lögð á að konur þroski sig í starfi. Síðan var Guðný Káradóttir, framkvæmdastjóri Gagarín aðalgestur okkar og var umfjöllunarefni hennar „Að vinna í skapandi tækniumhverfi – Störfin og verkefni – Vinnustaðurinn og félagslífið“. Sagði hún okkur frá því starfi sem unnið er í hennar fyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á stafrænu efni fyrir gagnvirka miðla. Viðfangsefnið eru því margmiðlun af ýmsum toga, ráðgjöf, hönnun/viðmótshönnun, framleiðsla á efni og forritun á sérlausnum.

Bakgrunnur starfsmanna innan Gagarín er margvíslegur, en auk forritara eru þar hönnuðir og hugmyndasmiðir af ýmsum toga, sem sýnir að upplýsingatækniiðnaðurinn þarf meira en bara forritara. Fyrirlestur Guðnýjar var afar áhugaverður. Veitingar voru í boði Microsoft á Íslandi.

2. UT-konur létu sig ekki vanta í afmæli SKY 28. Mars 2008 og fjölmenntu til samfagnaðar.
3. Í janúar 2009 áttu UT-konur fund með hluta af stjórn SKY þar sem staða UT-kvenna innan SKY var rædd. Var rætt um væntingar hvors um sig til samstarfsins, réttindi og skyldur.
4. Þann 5. nóvember komu UT-konur saman og áttu skemmtilega, fræðandi og notalega kvöldstund þar sem við lærðum að efla sköpunarkraftinn undir handleiðslu Guðbjargar Gissuradóttur. Guðbjörg er grafískur hönnuður og hefur áralanga reynslu af því að vinna með skapandi og frjóa hugsun. Við prófuðum að nota aðferðina til að koma með nýjar hugmyndir að því hvernig við kynnum ungu stúlkunum störf okkar/starfsumhverfi og stuðlum að því að fleiri konur bætist í hóp þeirra sem leggja fagið fyrir sig. Komu fram ýmsar gagnlegar hugmyndir sem við síðan unnum úr.
5. UT-konur eru nú þessa dagana að vinna að gerð kynningarmyndbands sem ætlað er að gefa innsýn í líf og störf kvenna sem starfa innan tölvu-og upplýsingatækninnar. Tilgangur myndbandsins er að vekja áhuga ungra stúlkna á möguleikum og fjölbreytileika þeirra starfa sem bjóðast í faginu. Tekin eru viðtöl við konur sem starfa á ólíkum sviðum innan fagsins og vonumst við þannig til að gefa áhugaverða sýn á fagið og þau störf sem í boði eru. Viðmælendur eru beðnir að lýsa hefðbundnum degi í vinnunni, hvað þær eru að fást við og hvað það er sem gerir starfið áhugavert.

Myndbandið munum við síðan sýna á kynningum í framhaldsskólum og jafnvel víðar. Jafnframt verður myndbandið væntanlega sett inn á netið þannig að það verði sýnilegt fleirum.

Framtíðarsýn og verkefni í vinnslu

Umræðuefni stjórnar UT-kvenna hafa verið af ýmsum toga og við farið vítt og breitt í hugmyndum okkar um starfið.

Helsta umræðuefni stjórnar á liðnu ári hefur þó verið um leiðir til að ná til ungra stúlkna og hvernig við getum stuðlað að því að fleiri ungar stúlkur sæki sér nám á þessu sviði. Aðallega höfum við haft í huga að opna augu stúlkna fyrir þeim möguleikum sem bjóðast innan þessa geira (tölvu-og upplýsingatækni), en tölvunarfræðin hefur jafnan haft á sér ákveðinn „nörða“-stimpil, sem verður til þess að fjöldi stúlkna íhugar ekki einu sinni möguleikann á að skoða tölvunarfræðina eða skyldar greinar. Jafnframt hefur okkur þótt ástæða til að kynna fyrir þeim að það eru ýmsar leiðir inn í þennan geira og það er hægt að sameina áhugamál á öðru sviði með því að starfa innan tölvu-og upplýsingatækninnar.

Er það von okkar að gerð myndbandsins sem nú er í vinnslu og sú kynningarherferð sem fylgir í kjölfarið muni verða til þess að víkka nám-sjóndeildarhring menntaskólanema og kveikja áhuga hjá sem flestum fyrir því að hefja nám á þessu sviði eða í það minnsta íhuga það.

Vonumst við jafnframt eftir samvinnu og stuðningi háskólanna, SKY og sem flestra sem að þessum málum koma. Því með sameinuðu átaki gerast ótrúlegustu hlutir.

12. febrúar 2009

Þóra Halldórsdóttir,

formaður UT-kvenna, Félags kvenna í upplýsingatækni